I. Til félagsmálaráðherra um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvað líður setningu reglugerðar um útreikning og framkvæmd á ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks í samræmi við lagasetningu um þessi mál á Alþingi s. l. vor?
2. Eftir hvaða reglum er ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks hagað nú?

II. Til viðskiptaráðherra um vaxtaútreikning verðtryggðra inn- og útlána.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Hvernig stendur á því, að vextir af verðtryggðum innlánareikningum eru reiknaðir á annan hátt en vextir af verðtryggðum útlánum?

III. Til viðskiptaráðherra um viðskiptahætti ríkisbanka.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Samkvæmt hvaða lögum eða reglugerðum geta bankar krafist þess, að 5% af andvirði keyptra viðskiptavíxla sé lagt inn á bundinn bankareikning?
2. Hve lengi hafa þessir viðskiptahættir tíðkast?
3. Hve stórar upphæðir eru inni á slíkum bundnum reikningum í ríkisbönkum?